

REGLUGERÐ

um brottfall reglugerðar nr. 648/1999 um löggiltar iðngreinar.

1. gr.

Reglugerð nr. 648/1999 um löggiltar iðngreinar er hér með felld úr gildi.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 30. mars 2000.

Björn Bjarnason.

Guðríður Sigurðardóttir.

Nr. 241

6. apríl 2000

AUGLÝSING

um deiliskipulag Vatnsendabletts 241a, Kópavogi.

Á fundi bæjarráðs Kópavogs 2. desember 1999 var samþykkt tillaga að deiliskipulagi Vatnsendabletts 241a í Vatnsendalandi. Á deiliskipulaginu er afmörkuð lóð og byggingarreitir fyrir íbúðarhús auk lóða fyrir tvö bátaskýli og eitt sumarhús. Tillagan var auglýst frá 10. september til 13. október 1999. Athugasemdir og ábendingar bárust frá einum aðila. Á ofangreindum fundi bæjarráðs var jafnframt samþykkt umsögn bæjarskipulags um framkomnar athugasemdir. Tillagan hefur verið yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Kópavogi, 6. apríl 2000.

Birgir H. Sigurðsson skipulagsstjóri.

Nr. 242

6. apríl 2000

REGLUGERÐ

um breytingar á grunnfjárhæðum í lögum nr. 144/1994, um ársreikninga, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 2. gr.:

- a. Í stað fjárhæðarinnar „200.000.000 kr.“ í 1. tölul., komi: 230.000.000 kr.
- b. Í stað fjárhæðarinnar „400.000.000 kr.“ í 2. tölul., komi: 460.000.000 kr.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 6. gr.:

- a. Í stað fjárhæðarinnar „200.000.000 kr.“ í 1. tölul., komi: 230.000.000 kr.
- b. Í stað fjárhæðarinnar „400.000.000 kr.“ í 2. tölul., komi: 460.000.000 kr.